Hraunvallaskóli
VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 29.01. 2021. Fundur haldinn í fyrirlestrarsal skólans frá kl. 8:15-9:30.

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðbjörg Norðfjörð (fjarverandi), Hrönn Garðarsdóttir, Margrét Hildur Ríkharðsdóttir, Helga Helgadóttir, Hugrún Helga Ketel (fjarverandi), Arna Rut Hjartardóttir (fjarverandi), Dröfn Sigurðardóttir, Logi Már Magnason og Sigurður Sindri Hallgrímsson.

1. Starfsáætlun Skólaráðs 2020-21

Skólaráð kynnti sig og yfirfór hlutverk sitt og skyldur. Farið var yfir breytingar á fulltrúum í Skólaráði en Arna Vilhjálmsdóttir hefur látið af störfum við skólann og Hrönn Garðarsdóttir kemur inn í hennar stað sem fulltrúi kennara. Logi Már Magnason og Sigurður Sindri Hallgrímsson eru nýir fulltrúar nemenda. Skólaráð er skipað eftirfarandi aðilum út skólaárið:

Lars Jóhann Imsland skólastjóri
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir aðstoðarskólastjóri
Fulltrúi kennara – Margrét Hildur Ríkharðsdóttir
Fulltrúi kennara – Hrönn Garðarsdóttir
Fulltrúi starfsmanna – Hugrún Ketel
Fulltrúi foreldra – Dröfn Sigurðardóttir
Fulltrúi foreldra –Arna Rut Hjartardóttir
Fulltrúi grenndarsamfélags – Helga Helgadóttir
Fulltrúar nemenda eru – Logi Már Magnason 10. ÁRB og
Sigurður Sindri Hallgrímsson í 10. ÁRB

Farið var yfir starfsáætlun skólaráðs og hún samþykkt. Fundir fara fram á föstudögum kl. 8:15 á fundarherbergi/fyrirlestrarsal skólans. Tveir fyrstu fundir skólaráðs féllu niður út af covid 19.

9. október	kl. 8:15 - féll niður
27. nóvember	kl. 8:15 - féll niður
29. janúar	kl. 8:15
26. febrúar	kl. 8:15
26. mars	kl. 8.15
30. apríl	kl. 8:15

2. Umfjöllun um starfsáætlun og skólanámskrá.

Skólastjóri lagði fram skólanámskrá með viðmiðundarstundaskrá og starfsáætlun Hraunvallaskóla fyrir skólaárið 2020-2022. Fulltrúar í skólaráði staðfestu með undirskrift sinni umfjöllun sína.

3. Skólastarf á covid tíma

Skólastjóri sagði frá skólastarfi í samkomubanni sem almennt hefur gengið vel. Mikill stuðningur og góðar leiðbeiningar hafa komið frá sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs og hennar góða fólki. Kennarar, starfsmenn og nemendur hafa sýnt mikla aðlögunarhæfni og vel hefur gengið að framfylgja skipulagi.

4. Hagsmunamál

Rædd voru hagsmunamál sem mikilvægt er að ræða í skólaráði í vetur líkt og innra mat, forvarnir og foreldrarölt. Skólastjóri mun koma þessum málum á dagskrá í vetur.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland